



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI SENDIR HANDBOLTAÞJÁLFURUM KVEÐJU

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson sendi í gær heillaóskir til handboltaþjálfaranna Dags Sigurðssonar, Guðmundar Þ. Guðmundssonar og Þóris Hergeirssonar í tilefni af því að liðin sem þeir þjálfu náðu frábærum árangri á Ólympíuleikunum í Ríó.

Dagur er þjálfari þýska karlalandsliðsins í handknattleik, Guðmundur þjálfar danska karlalandsliðið og Þórir norska kvennalandsliðið. Öll þessi handboltalið komust á verðlaunapall á Ólympíuleikunum.

24. ágúst 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).